

**Málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:**

Skóla- og frístundaráð leggur til að skýrsla um faglega stöðu stjórnenda í skóla- og frístundastarfi verði send til umsagnar helstu hagsmunaaðila, s.s. forystu stjórnenda í skóla- og frístundastarfi, kennara og foreldra. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að setja í gang vinnu við að móta áætlun um forgangsröðun og innleiðingu tillagna sem fram koma í skýrslu um faglega stöðu stjórnenda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Óskað er eftir endanlegu fjárhagsmati á tillögunum og að áætlunin feli í sér tímasetta áfanga. Innleiðingaráætlun verði lögð fyrir skóla- og frístundaráð eigi síðar en 22. júní 2021.